



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur, 670. mál

Stjórn Úrvinnslusjóðs fjallaði um ofanefnt frumvarp á fundi sínum þann 10. maí sl. og ályktaði sem svo:

Varðandi skilgreiningu á framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja, sbr. b-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir óbreyttri skilgreiningu telur stjórn sjóðsins að rétt sé að gera breytingu. Til að einfalda umsjón og gera skrá yfir framleiðendur gagnsærri telur stjórn sjóðsins að rétt sé að eingöngu þeir sem flytja inn raf- og rafeindatæki til endursölu eða miðlunar áfram hér á landi, séu á skránni. Þar með fara þeir sem flytja inn slíkan búnað til eigin nota ekki á skrá yfir framleiðendur.

Að öðru leiti vísast til umsagna þeirra aðila sem tilnefna í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Virðingarfyllst,

f.h. Úrvinnslusjóðs


Íris Gunnarsdóttir